



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefndasvið Alþingis

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, 327. mál.**

Sjómannasamband Íslands styður þingsályktunartillöguna og telur að staðsetning einnar þyrlu Landhelgisgæslunnar úti á landi auki verulega öryggi sjófarenda og annarra sem gætu þurft aðstoð í neyð fjarri höfuðborgarsvæðinu. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp ályktun frá 30. þingi Sjómannasambands Íslands, sem haldið var 24. og 25. nóvember 2016, en þar segir:

„30. þing Sjómannasambands Íslands krefst þess að stjórnvöld tryggi Landhelgisgæslu Íslands nægt rekstrarfé á hverjum tíma. Sérstaklega á þetta við um rekstur þyrlusveitarinnar. Lífsspursmál er fyrir íslensku þjóðina að þyrlur séu til staðar þegar slys eða veikindi ber að höndum eins og dæmin sanna. **Til að öryggi sé sem best tryggt þarf að mati þingsins að staðsetja þyrlur víðar um landið en nú er gert.**“

Reykjavík 2. nóvember 2023,

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson